

Ársskýrsla Velferðarsviðs Reykjavíkurborgar 2007



Reykjavíkurborg
Velferðarsvið

Ársskýrsla
Velferðarsviðs Reykjavíkurborgar
2007

Ársskýrsla
Velferðarsviðs Reykjavíkurborgar
2007

Efnisyfirlit

Ávarp sviðsstjóra	4
Velferðarráð Reykjavíkurborgar	6
Barnaverndarnefnd Reykjavíkur	7
Hlutverk Velferðarsviðs	9
Mannfjöldi í hverfum Reykjavíkurborgar	10
Helstu nýmæli	12
Chief innovations	18
Þjónusta	26
Fjárhagsaðstoð	27
Húsnæðismál	31
Búsetuúrræði	38
Ráðgjöf	39
Barnavernd Reykjavíkur	40
Starfsemi fyrir börn og unglinga	45
Félagsstarf	48
Stuðningur við fólk í heimahúsum	49
Fjármál	54
Helstu lykiltölur 2006 og 2007	59

Ávarp sviðsstjóra

Árið 2007 var á margan hátt sérstakt í starfsemi Reykjavíkurborgar. Meirihluti Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks sem starfað hafði frá því eftir kosningar vorið 2006 fór frá í október 2007 og nýr meirihluti Samfylkingar, Vinstri grænna, Framsóknarflokks og F-lista tók við og starfaði út árið. Samhliða tók nýtt velferðarráð og barnaverndarnefnd til starfa. Áherslur nýs meirihluta byggðu á áherslum fyrri meirihluta enda hafa velferðarmál verið unnin í góðri samvinnu allra flokka í gegnum árin.

Þann 2. maí 2007 urðu þær breytingar á stjórnskipulagi Reykjavíkurborgar að þjónustumiðstöðvar í hverfum borgarinnar og þær starfseiningar sem undir þær heyra voru færðar undir stjórn Velferðarsviðs. Með breytingunni tók Velferðarsvið jafnframt yfir þjónustusamninga við Mennta-, leikskóla- og íþrótt- og tómstundasvið vegna verkefna þessara fagsviða sem framkvæmd eru á þjónustumiðstöðvum. Í kjölfar þess að þjónustumiðstöðvar fluttu undir stjórn Velferðarsviðs var skipulag Velferðarsviðs endurskoðað með það að markmiði að skýra hlutverk, ábyrgð og verkaskiptingu stjórnenda sviðsins.

Endurskoðað skipurit Velferðarsviðs var samþykkt í velferðarráði 27. júní 2007 og borgarráði 6. september 2007. Nýtt skipurit tók gildi í kjölfar samþykktar borgarráðs. Ný yfirstjórn sviðsins eftir breytingar tók til starfa og var lagt kapp á að skapa eina liðsheild og sameiginlega sýn stjórnenda og starfsmanna. Sú vinna gekk afar vel og vil ég nota tækifærið hér og þakka stjórnendum Velferðarsviðs og starfsmönnum öllum fyrir frábært starf á árinu.

Eftir tilfærslu þjónustumiðstöðva undir stjórn Velferðarsviðs starfa u.þ.b. 1200 starfsmenn í u.þ.b. 860 stöðugildum á sviðinu við að veita þá mikilvægu þjónustu sem Velferðarsvið ber ábyrgð á í þeim tilgangi að bæta lífsgæði fólks sem þarf á aðstoð að halda til að njóta lífsins með reisn.

Vinna við starfsáætlun 2008 hófst í ágúst 2007. Afrakstur þeirrar vinnu var endurskoðuð framtíðarsýn Velferðarsviðs, ný kjörorð, nýtt stefnukort og velgengnisþættir m.t.t. þess að þjónustumiðstöðvar borgarinnar voru orðnar hluti af Velferðarsviði.




Í ársskýrslu Velferðarsviðs þetta árið er varpað ljósi á þá fjölbættu þjónustu sem sviðið ber ábyrgð á og þau metnaðarfullu verkefni sem unnið var að á árinu. Ýmsar nýjungar og þróun í þjónustu litu dagsins ljós á árinu og má þar helst nefna fyrirbyggjandi heimsóknir til aldraðra 80+, tilrauna-verkefni um öryggissíma fyrir aldraða, aðgerðir til að styrkja heimaþjónustu um kvöld og helgar, græna heimaþjónustu fyrir aldraða sem þurfa aðstoð við umhirðu garða sinna og aðrar aðgerðir til að styðja aldraða til að búa sem lengst á eigin heimili.

Opnun heimilis fyrir karlmenn sem höfðu verið heimilislausir, móttaka flóttafólks, nýtt átaksverkefni fyrir atvinnulaus ungmenni sem ekki eru í námi, samstarfssamninga um átaksverkefni fyrir atvinnulausa og geðfatlaða, pöntun ferðaþjónustu samdægurs fyrir fatlaða sem ekki geta nýtt sér almenna leigubíla eða aðra almenna þjónustu og gjaldfrjálsa ferðaþjónustu fyrir fatlaða framhalds- og háskólanema.

Á árinu hófust viðræður við ríkið um yfirtöku verkefna frá ríki til Reykjavíkurborgar. Má þar fyrst nefna viðræður við félags- og tryggingamálaráðuneytið um yfirtöku á þjónustu við geðfatlaða en ráðuneytið leitaði til velferðarráðs um yfirtöku á þeirri þjónustu. Þeim viðræðum var ekki lokið á árinu. Velferðarráð ákvað einnig á árinu að hefja formlegar viðræður við heilbrigðisráðuneytið um sameiningu heimahjúkrunar og heimaþjónustu í Reykjavík. Þeim viðræðum miðaði ágætlega á árinu og er stefnt að sameiningu heimahjúkrunar og heimaþjónustu í Reykjavík undir stjórn Velferðarsviðs um áramótin 2008 / 2009.

Stella K. Víðisdóttir
Sviðsstjóri Velferðarsviðs

■ Skipurit Velferðarsviðs



Skýring:

Skrifstofa

Stofnun

Velferðarráð Reykjavíkurborgar

■ Frá 1. janúar til 15. október sátu eftirtaldir fulltrúar í velferðarráði:

Jórunn Frímannsdóttir, formaður
Marsibil Sæmundardóttir, varaformaður
Sif Sigfúsdóttir
Steinarr Björnsson
Björk Vilhelmsdóttir
Oddný Sturludóttir
Þorleifur Gunnlaugsson

■ Áheyrnarfulltrúi:

Margrét Sverrisdóttir

Varamenn:

Elínbjörg Magnúsdóttir
Ella Þóra Jónsdóttir
Jóna Lárusdóttir
Fanný Jónsdóttir
Páll Einarsson
Hrafnkell Tumi Kolbeinsson
Stefán Benediktsson

■ Varaáheyrnarfulltrúi:

Guðrún Ásmundsdóttir

■ Breytingar á skipan fulltrúa:

Þann 1. febrúar tók Stefán Jóhann Stefánsson sæti Oddnýjar Sturludóttur.

Þann 26. febrúar tók Einar Örn Ævarsson sæti Steinars Björnssonar.

Þann 19. júní tók Stefán Benediktsson sæti Stefáns Jóhanns Stefánssonar.

Þann 19. júní tóku Þórir Hrafn Gunnarsson og Guðlaug Magnúsdóttir sæti Stefáns Benediktssonar og Páls Einarssonar.

Þann 19. júní tók Dögg Proppé Hugosdóttir sæti Hrafnkels Tuma Kolbeinssonar.

Þann 4. september tók Ingunn Björk Vilhjálmisdóttir sæti Sifjar Sigfúsdóttur

■ Frá 16. október voru eftirtaldir fulltrúar í velferðarráði:

Björk Vilhelmsdóttir, formaður
Friðrik Dagur Arnarson, varamaður
Dofri Hermannsson
Marsibil Sæmundardóttir
Jórunn Frímannsdóttir
Elínbjörg Magnúsdóttir
Björn Gíslason

■ Áheyrnarfulltrúi:

Guðrún Ásmundsdóttir

■ Varamenn:

Guðlaug Magnúsdóttir
Þórir Hrafn Gunnarsson
Dögg Hugosdóttir
Einar Örn Ævarsson
Sif Sigfúsdóttir
Ingunn Björk Vilhjálmisdóttir
Rósa Kr. Stefánsdóttir

■ Varaáheyrnarfulltrúi:

Kjartan Eggertsson

■ Starfsmenn Velferðarsviðs sem sátu fundi:

Stella K. Víðisdóttir, sviðsstjóri Velferðarsviðs

Ellý A. Þorsteinsdóttir, skrifstofustjóri velferðarmála

Sigríður Jónsdóttir, skrifstofustjóri rannsóknar og þjónustumats

Ingunn Þórðardóttir, skrifstofustjóri rekstrar og þjónustuúrræða

Helga Jóna Benediktsdóttir, lögfræðingur

Á árinu hélt velferðarráð 23 fundi.

Barnaverndarnefnd Reykjavíkur

■ Í barnaverndarnefnd sátu:

Kolbrún Ólafsdóttir

Ólöf Finnsdóttir

Bessí Jóhannsdóttir

Jóhann Björnsson

Heiða Björg Pálmadóttir

Í september tók Guðjón Ó. Jónsson sæti

Kolbrúnar Ólafsdóttur

■ Varamenn:

Arnar Þór Sævarsson

Helga Kristín Auðunsdóttir

Svanhvít Axelsdóttir

Dögg Proppé Hugosdóttir

Guðlaug Magnúsdóttir

Á árinu hélt barnaverndarnefnd 23 fundi.

■ Starfsmenn Velferðarsviðs sem sátu fundi:

Framkvæmdastjóri Barnaverndar Reykjavíkur sat fundi nefndarinnar auk lögmanns Velferðarsviðs Reykjavíkurborgar.





Hlutverk Velferðarsviðs

Velferðarsvið ber ábyrgð á velferðarþjónustu Reykjavíkurborgar, þ.m.t. félagsþjónustu fyrir alla aldurshópa, barnavernd og heildstæðu forvarnastarfi. Frá maí heyrir þjónustumiðstöðvar í hverfum borgarinnar sem sjá að miklu leyti um framkvæmd félagsþjónustu í borginni undir Velferðarsviði.

Undir Velferðarsviði heyrir einnig þjónustusamningar um verkefni sem framkvæmd eru á þjónustumiðstöðvunum en heyrir undir Mennta-, Leikskóla- og Íþrótt- og tómstundasviði. Framkvæmd félagsþjónustu sem ekki byggir á hverfubundinni nálgun, s.s. þjónusta Barnaverndar Reykjavíkur, rekstur hjúkrunarheimila og sérhæfðra heimila fyrir börn og fullorðna heyrir ekki undir þjónustumiðstöðvar í hverfum borgarinnar.

■ Helstu verkefni Velferðarsviðs eru:

Stefnumótun og áætlanagerð

Framkvæmd félagsþjónustu í Reykjavík

Eftirlit og mat á árangri

Samhæfing og samþætting þjónustu

Nýsköpun og þróun úrræða

Mat á þjónustugæðum

Tengsl rannsókna og þjónustu

Velferðarsvið vinnur með tveimur ráðum og nefndum og sinnir málefnum þeirra: Velferðarráði og barnaverndarnefnd Reykjavíkur auk þess sem Velferðarsvið vinnur með þjónustuhópi aldraðra.

Verkaskipting milli velferðarráðs Reykjavíkurborgar og barnaverndarnefndar Reykjavíkur vegna málefna barna

Reglur um verkaskiptingu milli velferðarráðs og barnaverndarnefndar Reykjavíkur voru samþykktar árið 2004, samkvæmt heimild barnaverndarlaga nr. 80/2002 og heimild laga nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga. Verkaskiptingin er eftirfarandi:

■ Velferðarráð Reykjavíkur:

Stefnumótun og uppbygging úrræða

Rannsóknir og kannanir

Almennt eftirlit með aðbúnaði og vinnu barna

■ Barnaverndarnefnd Reykjavíkur:

Eftirlit með aðbúnaði, hátterni og uppeldis-skilyrðum barna

Tekur við barnaverndartilkynningum, annast og ber ábyrgð á málsmeðferð og beitir viðeigandi úrræðum samkvæmt barnaverndarlögum

Eftirlit með heimilum og stofnunum

Önnur verkefni sem barnaverndarnefndum eru falin lögum samkvæmt hverju sinni

Mannfjöldi í hverfum Reykjavíkurborgar

Íbúar í Reykjavík 31. desember 2007 voru 117.898 samkvæmt upplýsingum frá Hagstofu Íslands.

■ Mannfjöldi í Reykjavík - Skipting eftir hverfum

Hverfi	Fjöldi	Hlutfall
Vesturbær	15.533	13,2%
Miðborg	8.370	7,1%
Hlíðar	9.407	8,0%
Laugardalur	15.377	13,0%
Háaleiti	13.674	11,6%
Breiðholt	20.919	17,7%
Árbær og Grafarholt	15.140	12,8%
Grafarvogur	18.176	15,4%
Kjalarnes	906	0,8%
Annað	396	0,3%
Samtals	117.898	100,0%

■ Mannfjöldi í Reykjavík - Skipting eftir þjónustumiðstöðvum

Þjónustumiðstöð	Fjöldi íbúa	Hlutfall
Vesturbær	15.533	13,2%
Miðborg og Hlíðar	17.777	15,1%
Laugardalur og Háaleiti	29.051	24,6%
Breiðholt	20.919	17,7%
Árbær og Grafarholt	15.140	12,8%
Grafarvogur og Kjalarnes	19.082	16,2%
Annað	396	0,3%
Samtals	117.898	100,0%



■ Aldursskipting íbúa
– Hlutfallsleg skipting eftir þjónustumiðstöðvum

Aldur	Vesturbær	Miðborg og Hlíðar	Laugardalur og Háaleiti	Breiðholt	Árbær og Grafarholt	Grafarvogur og Kjalarnes
0 - 12 ára	16%	13%	14%	17%	21%	20%
13 - 17 ára	6%	4%	6%	7%	7%	9%
18 - 29 ára	22%	24%	16%	19%	19%	18%
30 - 49 ára	29%	31%	27%	27%	30%	30%
50 - 66 ára	16%	17%	19%	20%	17%	17%
67 - 79 ára	6%	6%	10%	7%	5%	4%
80 ára og eldri	4%	5%	7%	2%	1%	1%
Samtals	100%	100%	100%	100%	100%	100%

■ Fjölskyldugerð, íbúar 18 ára og eldri
– Hlutfallsleg skipting eftir þjónustumiðstöðvum

Aldur	Vesturbær	Miðborg og Hlíðar	Laugardalur og Háaleiti	Breiðholt	Árbær og Grafarholt	Grafarvogur og Kjalarnes
Hjón / sambýlisfólk með börn	25%	18%	23%	24%	33%	36%
Hjón / sambýlisfólk barnlaus	20%	18%	26%	25%	24%	23%
Einstætt foreldri	7%	6%	5%	8%	6%	7%
Einhleypur karl	25%	32%	23%	25%	21%	20%
Einhleyp kona	24%	26%	22%	18%	15%	15%
Samtals	100%	100%	100%	100%	100%	100%

Helstu nýmæli

Aldraðir

Í starfsáætlun Velferðarsviðs fyrir árið 2007 var lögð sérstök áhersla á málefni og velferð aldraðra. Stefnt er að því að gera fleiri öldruðum kleift að búa lengur í eigin húsnæði og að sú þjónusta sem þeir þurfa á að halda færist í auknum mæli inn á heimilin. Sérstaklega var hugað að öryggi aldraðra og leitarstarfi, m.a. með skipulögðum heimsóknnum til aldraðra 80 ára og eldri.

■ Öryggissími

Ráðist var í 6 mánaða tilraunaverkefni í samvinnu við Öryggismiðstöð Íslands um rekstur öryggissíma sem úrræði í félagslegum stuðningi til aldraðra sem þurfa aukinn stuðning til að dvelja á eigin heimili. Öryggissíminn er starfræktur utan hefðbundins dagvinnutíma, á kvöldin, um helgar og nætur.

■ Forvarnir aldraðra

Gerður var samstarfssamningur við Sjóvá Forvarnahús með það að markmiði að fækka slysum hjá öldruðum, sérstaklega á heimilum og í umferðinni og þar með styðja við aukna sjálfshjálp og lífsgæði. Samningurinn gerir m.a. ráð fyrir að öllum íbúum í Laugardals- og Háaleitishverfi á aldrinum 70–75 verði boðin ráðgjöf um slysavarnir á heimilum sem og í umferðinni. Jafnframt munu starfsmenn Forvarnahússins taka út húsnæði borgarinnar þar sem rekin er starfsemi fyrir eldri borgara með tilliti til slysavarna.

■ Nærþjónustuhópar aldraðra

Í febrúar 2007 skiluðu nærþjónustuhópar aldraðra skýrslum með tillögum að áframhaldandi starfi. Þjónustumiðstöðvar í hverfum borgarinnar stýra starfi hópanna en auk fulltrúa þaðan koma Reykjavíkurdæld Rauða krossins, Félag eldri borgara, Heilsugæslan og kirkjusóknir að starfinu. Helstu verkefni hópanna voru að kortleggja þjónustu sem í boði er í hverfunum og meta hvernig opinberir aðilar, íbúar og hagsmunasamtök geta unnið betur saman svo að öryggisnetið verði sem þéttast. Með starfi nærþjónustuhópa hafa ólíkar fagstéttir sem vinna að sama markmiði tengst saman í vinnu við að bæta þjónustu við aldraða til að rjúfa vítahring einangrunar og einmanaleika. Lagt var til að starfi nærþjónustuhópanna yrði haldið áfram.

■ Græn heimaþjónusta

Samkomulag var gert á milli Vinnuskóla Reykjavíkur og Velferðarsviðs Reykjavíkurborgar um eins árs þróunarverkefni. Markmið grænnar heimaþjónustu snýst um að veita eldri

borgurum og öryrkjum, sem vegna skertrar líkamlegrar færni, aldurs, langvarandi veikinda eða fötlunar eru ekki færir um að sinna hreinsun garða sinna, þjónustu við slíkt. Þjónustan hefur það að markmiði að gera einstaklingum kleift að búa lengur á eigin heimili.

■ Samþætting heimaþjónustu og heimahjúkrunar

Samþætting félagslegrar heimaþjónustu og heimahjúkrunar hófst formlega árið 2004 og var markmið hennar að bæta og efla þjónustu við fólk sem býr á eigin heimili en þarf aðstoðar við. Formlega lauk samþættingarverkefninu á árinu og hafin var undirbúningsvinna að sameiginlegri stjórnun félagslegrar heimaþjónustu og heimahjúkrunar á árinu.

■ Starfatorg fyrir eldri borgara

Hafinn var undirbúningur að því að koma á laggirnar starfatorgi fyrir eldri borgara, en þeir búa yfir mikilli reynslu og þekkingu sem nýta mætti betur í starfsemi borgarinnar. Verkefninu var hrundið af stað í byrjun október 2007. Þá var samþykkt í borgarráði heimild til að ráða 70 ára og eldri til starfa hjá borginni. Á starfatorgi verða í boði hlutastörf, tímabundin störf og verkefni sem sérstaklega henta eldri borgurum.

■ Dagþjálfun fyrir heilabilaða

Tekin var ákvörðun á árinu um að Reykjavíkurborg myndi kaupa hús undir dagþjálfun fyrir heilabilaða. FAAS – Félag aðstandenda Alzheimersjúklinga mun annast rekstur heimilisins og starfsemi. Unnið var að undirbúningi heimilisins á árinu.

■ Búsetuuppbygging fyrir aldraða

Á árinu var í hönnun og undirbúningi bygging tæplega 210 öryggis- og þjónustuíbúða. Annars vegar var undirritaður samstarfs-, samvinnu- og verkaskiptasamningur við Eir vegna framkvæmda og reksturs byggingar öryggisíbúða og þjónustu- og menningarmiðstöðvar í Spönginni í Grafarvogi. Hins vegar var undirritaður samningur við Sjómannadagsráð / Hrafnistu um byggingu þjónustuíbúða og þjónustukjarna við Sléttuveg í Fossvogi.

■ Fyrirbyggjandi heimsóknir til 80 ára og eldri Reykvíkinga

Í árslok 2006 var unnið tilraunaverkefni sem fólst í fyrirbyggjandi heimsóknnum til íbúa, 80 ára og eldri í einu hverfi borgarinnar. Vel tókst til og var því ákveðið að útvíkka verkefnið á árinu 2007 og bjóða upp á heimsóknirnar í fleiri hverfum. Um er að ræða tilboð um heimsókn félagsráðgjafa til íbúa, 80 ára og eldri sem hvorki njóta félagslegrar heima-



þjónustu né heimahjúkrunar. Þessar heimsóknir eru hugs- aðar sem liður í forvörnum fyrir eldri borgara. Í heimsóknun- um er lögð áhersla á að veita ráðgjöf og upplýsingar um þá þjónustu sem í boði er sem og að koma á tengslum milli eldri borgara og fagaðila í öldrunarþjónustu þar sem þörf er á. Markmiðið með heimsóknunum er að auka öryggiskennd íbúa og stuðla að því að þeir fái viðeigandi þjónustu til að viðhalda heilbrigði og sjálfstæði.

Breytingar á gjaldskrá

■ Lækkun á kostnaði vegna heimsends matar

Heimsent fæði og hádegisverður úr mótuneytum lækkaði um 4,67% á árinu 2007 og aðrar veitingar lækkuðu að meðal- tali um 7%.

Fatlaðir

■ Bættir samgöngumöguleikar fatlaðra framhaldsskólanemenda

Samþykkt var að gera breytingar á ferðaþjónustu fatlaðra. Frá og með 1. maí 2007 gátu fatlaðir einstaklingar, sem bundnir eru hjólastól vegna líkamlegrar fötlunar sinnar og eru með öllu ófærir um að nýta sér almenna leigubíla og njóta þegar þjónustu í ferðaþjónustu fatlaðra, pantað ferðir samdægis. Ákveðið var að fatlaðir framhaldsskóla- og há- skólanemendur gætu í tilraunaskyni notað ferðaþjónustu fatlaðra í Reykjavík endurgjaldslaust veturinn 2007 - 2008.

Forvarnir

Velferðarsvið vinnur samkvæmt forvarnastefnu Reykjavíkurborgar sem samþykkt var árið 2005. Með forvarnastefnu er tryggt að markvisst forvarnastarf sé unnið í borginni. Áhersla er á að unnið sé út frá rannsóknarniðurstöðum, að forvarnir hefjist strax í æsku, séu heildstæðar og víðtækar.

■ Forvarnasjóður Reykjavíkurborgar

Veitt er úr sjóðnum til samvinnuverkefna tvisvar á ári. Mark- miðið með sjóðnum er að stuðla að eflingu félagsauðs og að hvetja til frumkvæðis og nýsköpunar á sviði forvarna. Á árinu 2007 var úthlutað 8 milljónum til ýmiss konar forvarnaverk- efna sem unnin voru í samvinnu einstaklinga og fyrirtækja. Árangur er að nást með því að tengja forvarnastarf rann- sóknarniðurstöðum sem gerir starfið markvissara og árang- ursríkara. Reykjavíkurborg hefur til margra ára keypt rann- sóknarniðurstöður fyrir 8.-10. bekk grunnskóla um fíkn- efnaneyslu, hagi og líðan þeirra og félagslegt umhverfi.

Eins og undanfarin ár voru sendir út seglar með útivistarregl- um til foreldra barna í 2. og 6. bekk grunnskóla Reykjavíkur.

Reykjavíkurborg tók virkan þátt í *Forvarnadeginum – Taktu þátt 2007*, sem haldinn hefur verið sl. 2 ár í víðtæku sam- starfi margra aðila.

Mörgum verkefnum var hrundið af stað með áherslu á fræðslu og stuðning við foreldra í borginni.

Reykjavíkurborg á fulltrúa í ýmsum samstarfshópum s.s. Saman hópnum, sem hefur það markmið að styðja foreldra í uppeldishlutverki sínu og Náum áttum hópnum, sem er opinn samstarfshópur um fræðslu- og fíkniefnamál og stendur fyrir morgunverðarfundum mánaðarlega yfir vetrartímann.

■ Rannsókn á högum og líðan barna í 5., 6. og 7. bekk grunnskóla í Reykjavík

Velferðarsvið kemur að fjármögnun rannsókna Rannsóknna og greiningar á högum og líðan barna í 5., 6. og 7. bekk grunnskóla í Reykjavík. Niðurstöður rannsókna eru nýttar í forvarnastarfi í hverfum borgarinnar, en þjónustumiðstöðvar í hverfum borgarinnar eru ábyrgar fyrir framkvæmd forvarnastefnunnar. Niðurstöður er að finna á vefsíðu Velferðarsviðs.

■ Þróun spilafíknar meðal ungs fólks í Reykjavík

Á árinu var skipaður hópur skv. tillögu borgarstjóra til að fara yfir málefni spilakassa og átti Velferðarsvið fulltrúa í þeim hópi. Starfshópurinn skilaði greinargerð á miðju ári og á grundvelli hennar var tillögum, sem lúta að forvörnum, vísað til Velferðarsviðs og þeim þætti var svo vísað til starfshóps um forvarnir til frekari vinnslu.

Málefni barna

■ Efla stuðning við barnafjölskyldur í heimahúsum

Á árinu 2007 var samþykkt að efla enn frekar stuðning við barnafjölskyldur og koma á laggirnar nýju úrræði í tengslum við Vistheimili barna, greiningu og ráðgjöf. Markmiðið er að styðja fjölskyldur sem þurfa sérstakan stuðning og veita þeim þjónustuna inn á heimili viðkomandi og draga þannig úr stofnanavistun eftir því sem hægt er. Þessi þjónusta er eingöngu ætluð þeim er njóta þjónustu Barnaverndar Reykjavíkur.

■ Auka lífsgæði barna

Á árinu starfaði hópur sem hafði það verkefni að auka lífsgæði barna skv. starfáætlun 2007 með áherslu á að barnaverndarsjónarmið vegi þungt við úthlutun leiguhúsnæðis og þegar bera á barnafjölskyldur út úr húsnæði sínu og þarfir barns verði hafðar að leiðarljósi. Hópurinn vann að gerð verkferla og viðbragðsáætlun í slíkum málum.

Húsnæðismál

■ Félagslegar leiguíbúðir og sérstakar húsaleigubætur

Velferðarráð samþykkti á árinu breytingar á tekju- og eignamörkum vegna félagslegra leiguíbúða og sérstakra húsaleigubóta. Breytingin fól í sér að miða skuli við ákveðin tekju-



mörk þegar um er að ræða rétt til leiguíbúða og ráðstöfun þeirra, en höfð er hliðsjón af núverandi húsnæðisaðstæðum, heilsufari, félagslegum aðstæðum og tekjum þeirra sem sækja um. Félagslegar leiguíbúðir og sérstakar húsaleigubætur eru ætlaðar þeim fjölskyldum og einstaklingum sem ekki eru á annan hátt færir um að sjá sér fyrir húsnæði sökum lágra launa, þungrar framfærslubyrðar og annarra félagslegra erfiðleika.

■ Heimili fyrir heimilislausa karlmenn

Í desember 2006 samþykkti velferðarráð að hefja rekstur heimilis fyrir heimilislausa karlmenn að Njálsgötu 74. Heimilið var opnað í október árið 2007 og er ætlað þeim hópi heimilislausra sem erfiðlega hefur gengið að veita þjónustu. Markmiðið er að skapa heimilislásum Reykvíkum öruggt heimili. Íbúar hafa allir sér herbergi, en setustofa, eldhús og þvottaaðstaða sameiginleg. Þjónustan er sveigjanleg og einstaklingsbundin. Þar dvöldu 7 einstaklingar árið 2007.

■ Öruggt skjól fyrir utangarðsfólk

Í Reykjavík er áætlað að á bilinu 40 - 60 einstaklingar séu heimilisláusir á hverjum tíma. Á undanförunum árum hefur verið unnið markvisst að því að auka fjölbreytni í úrræðum fyrir utangarðsfólk í Reykjavík og bæta þjónustu við þennan hóp. Árið 2007 lagði velferðarráð til að fundin yrði hentug staðsetning fyrir sex færanleg smáhýsi sem ætluð eru utangarðsfólki sem hafa hvergi höfði sínu að halla.

Með því að útvega heimilislásum einstaklingum húsnæði sem þeir geta búið í á sínum forsendum er komið til móts við þarfir ákveðins hóps heimilisláusra sem hingað til hefur gengið erfiðlega að koma til móts við, unnið skal að því að bæta lífsgæði þeirra og liðan ásamt því að auka fjölbreytileika í þjónustutilboðum.

■ Húsnæði fyrir heimilislausa einstaklinga

Á árinu 2007 leitaði félags- og tryggingamálaráðuneytið til Velferðarsviðs um að hefja undirbúning að stofnun heimilis fyrir einstaklinga sem eiga hvergi húsaskjól, um er að ræða búsetuúrræði með félagslegum stuðningi fyrir allt að 20 einstaklinga sem hætt hafa neyslu áfengis eða vímuefna en þurfa á umtalsverðum stuðningi að halda til að ná tökum á lífi sínu en félagsmálaráðuneytið og Reykjavíkurborg gerðu samkomulag sín á milli um uppbyggingu slíks heimilis. Markmiðið er að veita heimilislásum húsaskjól, félagslegan stuðning og endurhæfingu og annan stuðning til að geta búið sjálfstætt og tekið virkan þátt í samfélaginu án neyslu áfengis- og vímuefna. Heimilinu er ætlað að tryggja jafnrétti og skapa skilyrði til eðlilegs lífs þrátt fyrir að viðkomandi hafi átt við erfiðleika að stríða.

Innflytjendur

■ Móttaka flóttamanna

Velferðarráð samþykkti fyrir hönd Reykjavíkurborgar að taka á móti nýjum hópi flóttamanna árið 2007. Reynslan hefur sýnt að Reykjavík er vel í stakk búin til að taka á móti flóttafólki, en þeim fjölskyldum sem komu til borgarinnar frá Kóumbíu og Kósovó árið 2005 hefur vegnað vel. Samningur var undirritaður milli Velferðarsviðs og Alþjóðahúss ehf. um þjónustu sem Alþjóðahús myndi veita flóttafólki sem flyttist til Íslands á tímabilinu júlí-september 2007 og hefði aðsetur í Reykjavík. Skv. samningnum tók Alþjóðahús að sér íslenskukennslu, samfélagsfræðslu, starfsþjálfun og félagsstarf vegna aðlögunar flóttafólks að íslensku samfélagi.

■ Rannsókn á viðhorfum og aðstæðum innflytjenda

Á árinu var unnið að rannsókn á viðhorfum og aðstæðum innflytjenda. Rannsóknin er samstarfsverkefni félagsmálaráðuneytis, HÍ, Reykjavíkurborgar og Fjölmenningsseturs.

Rannsóknir, úttektir, og ráðstefnur

■ Rannsókn á högum og viðhorfum eldri borgara

Á árinu voru kynntar niðurstöður rannsóknar á högum og viðhorfum landsmanna 67-80 ára og sérvinnsla um hagi og viðhorf Reykvíkinga á sama aldri. Capacent – Gallup vann rannsóknina fyrir Reykjavíkurborg, félagsmálaráðuneytið, Landssamband eldri borgara og Öldrunarráð Íslands. Rannsóknin var styrkt af Húsasmiðjunni. Í framhaldi af kynningu niðurstaðna var tekin ákvörðun um að vinna framhaldsrannsókn á högum og viðhorfum Reykvíkinga 80 ára og eldri. Niðurstöður er að finna á vefsíðu Velferðarsviðs.

■ Viðhorfs- og þjónustukannanir hjá Reykjavíkurborg

Reykjavíkurborg lét framkvæma viðhorfskönnun meðal borgarbúa um viðhorf til þjónustu Reykjavíkurborgar sem kynnt var í ársbyrjun 2007. Félagsvísindastofnun framkvæmdi þessar kannanir. Þar voru borgarbúar m.a. spurðir um þekkingu sína á verkefnum Velferðarsviðs. Einnig vann Félagsvísindastofnun tvær þjónustukannanir, aðra meðal íbúa þjónustuíbúða í Seljahlið og hina meðal notenda Stuðningsins heim. Niðurstöður er að finna á vefsíðu Velferðarsviðs.

■ Rekstrarúttekt á framleiðslueldhúsum Velferðarsviðs

Ráðgjafarfyrtækið Par-X vann úttekt á rekstri framleiðslueldhúsa fyrir Velferðarsvið Reykjavíkurborgar sem byggði á úttekt sem unnin var 2003. Í tengslum við úttektina var unnin viðhorfsskönnun meðal notenda og úttekt var gerð á næringarsamsetningu fæðisins. Skýrslur er að finna á vefsíðu Velferðarsviðs.

■ Viðhorfsskönnun meðal notenda mótuneyta Velferðarsviðs Reykjavíkurborgar.

Niðurstöður viðhorfsskönnunar meðal notenda mótuneyta Velferðarsviðs Reykjavíkur voru kynntar árið 2007. Könnunin var liður í úttekt á framleiðslueldhúsum Velferðarsviðs. Niðurstöður er að finna á vefsíðu Velferðarsviðs.

■ Gæðamat

Úttektaráætlun Velferðarsviðs nær til innra mats, símats, innri úttekta og kannana á Velferðarsviði og er hluti af innra gæðamati og eftirliti Velferðarsviðs. Á árinu 2007 voru gerðar úttektir á mati umsóknar um stuðningsþjónustu og úttekt á starfsemi unglingasmiðjanna Stígs og Traðar. Einnig var gerð endurúttekt á starfsemi stuðningsbýlis fyrir heimilislausu á Miklubraut 18. Mat er framkvæmt reglulega á viðhorfum notenda til nokkurra úrræða, má þar nefna Kvenna-smiðju, Karlasmíðju, fjármálanámskeiðin Leiðin til Velgengni, Stuðninginn heim og Grettistak.

■ Ráðstefna í maí: Nýjar leiðir við afplánun – Önnur úrræði en fangelsi

Samráðsnefnd um málefni fanga stóð að ráðstefnunni; í henni eiga sæti auk Velferðarsviðs, Heilbrigðisstofnun Suðurlands, heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, Fangelsismálastofnun ríkisins, Landlæknisembættið, Rauði kross Íslands, Lögreglan í Reykjavík, Fangavarðafélagið, fangaprestur, Samhjálp og Vernd.

■ Ráðstefna í mars: Mótum framtíð – Stefnur og straumar í félagslegri þjónustu

Velferðarsvið var þátttakandi í skipulagningu og framkvæmd ráðstefnu í samvinnu við félagsmálaráðuneytið, Rannsóknasetur í barna- og fjölskylduvernd, Rauða kross Íslands og samtökin Ís-Forsa um það sem efst var á baugi í félagslegri þjónustu. Samvinna var við Norrænu ráðherranefndina um ráðstefnuna og fjölmarga hagsmunaaðila sem láta sig félagslega þjónustu varða.

Málþing í mars um stöðu heimilislausra

Velferðarsvið var þátttakandi í skipulagningu og framkvæmd málþings um stöðu heimilislausra í samvinnu við Rauða kross Íslands, Hjálparstarf kirkjunnar og Samhjálp. Fjölmörg erindi voru haldin m.a. af SÁÁ, Lögreglunni, Velferðarsviði og sérstakur gestur frá Félags- og heilbrigðissviði Oslóborgar fjallaði um stefnumótun í málum húsnaðislausra í Noregi.

■ Málþing um forvarnir í mars

Miðgarður, þjónustumiðstöð Grafarvogs og Kjalarness, stóð fyrir málþingi í mars 2007 undir heitinu „Forvarnir á fyrstu árum“. Á málþinginu voru flutt fjölmörg áhugaverð erindi.

■ Málþing í október um snemmtæka íhlutun í leikskóla

Á vegum þjónustumiðstöðvar Laugardals og Háaleitis, sem er þekkingarmiðstöð í málefnum fatlaðra var haldið málþing um snemmtæka íhlutun í leikskóla. Snemmtæk íhlutun, sem oftast er skilgreind sem þjónusta við börn á aldrinum 0 - 6 ára sem hefur það að markmiði að koma í veg fyrir eða draga úr áhrifum þroskavandamála barna, er áhersluþáttur í stefnukorti Leikskólasviðs varðandi verklag í sérkennslu og jafnframt hluti af 10 ára framtíðarsýn í stefnu Reykjavíkurborgar í menntamálum. Á málþinginu bauðst einstakt tækifæri á að fræðast um snemmtæka íhlutun, s.s. hugmyndafræði, framkvæmd, gæðaviðmið þjónustu og reynslu leikskóla.

■ Málþing um málefni eldri borgara

Á vegum þjónustumiðstöðvar Laugardals og Háaleitis, sem er þekkingarmiðstöð í málefnum aldraðra, voru haldin tvö málþing um málefni eldri borgara. Tilgangur þeirra var að efla sjálfsvirðingu eldra fólks og draga úr aldursfordómum í samfélaginu. Vormálþingið 2007 fjallaði um mikilvægi þess að fá raddir eldri borgara fram í daglega umræðu undir yfirskriftinni Ef mig skyldi kalla... og á haustmálþinginu, sem var haldið í nóvember 2007 undir yfirskriftinni Ég þori, get og vil, var fjallað um mikilvægi þess að vera óhræddur við að takast á við nýja hluti og halda þannig við og efla færni og sjálfsvirðingu.

Samstarf

Það er stefna borgarinnar að fjölga fjölbreyttum, félagslegum endurhæfingarúrræðum og til að geta boðið upp á sér-tækan stuðning og faglega þjónustu gerir borgin samninga við fagaðila sem sérhæfa sig í endurhæfingu hinna ýmsu hópa og einstaklinga.

■ Gistiskýlið

Á árinu var gengið til samninga við Samhjálp um rekstur Gistiskýlisins í Þingholtsstræti en þar er einstaklingum sem eiga við margháttaða félagslega erfiðleika að stríða, m.a. langtíma áfengis- og vímuefnavanda, veitt þjónusta og stendur þeim til boða næturgisting og samastaður í skamm-an tíma. Velferðarráð samþykkti einnig að fela Velferðarsviði að auglýsa eftir húsnæði til kaups eða leigu fyrir rekstur kaffistofu fyrir utangarðsfólk sem rekin er á vegum Samhjálpar en miklu skiptir að kaffistofan hafi fast aðsetur til framtíðar.

■ Samningur við AE starfsendurhæfingu / Hlutverkasetrið

Velferðarsvið skrifaði undir þjónustusamning til 3ja ára fyrir 6 einstaklinga við AE starfsendurhæfingu. Starfsendurhæfingin fer fram í Hlutverkasetri sem er starfrækt fyrir einstaklinga með geðraskanir og þá sem misst hafa hlutverk í samfélaginu af einhverjum ástæðum. Starfsemin byggir á hugmyndafræði um sjálfsefningu notenda. Meginmarkmið samningsins er að efla virkni og þátttöku fólks með geðraskanir og að þeim verði sköpuð tækifæri til áframhaldandi starfa á almennum markaði.

■ Samningur milli Velferðarsviðs og Ekron

Um miðbik ársins 2007 var gerður samningur við EKRON starfsþjálfun í tilraunaskyni um starfsendurhæfingu þeirra sem eiga við áfengis- og eða vímuefnavanda að stríða, hafa farið í meðferð en ekki náð að fóta sig á vinnumarkaði; sam-ið var um 4 til 6 pláss, tímabundið. Markmiðið með starfs-emi EKRON er að hjálpa þeim einstaklingum að ná fullri færni og getu til atvinnuþátttöku á hinum almenna vinnu-markaði. Það er stefna borgarinnar að fjölga fjölbreyttum félagslegum endurhæfingarúrræðum.

■ Samningur við SÁÁ

Reykjavíkurborg og SÁÁ gerðu með sér samstarfssamning til 3ja ára. Þar er kveðið á um að SÁÁ muni veita einstaklingum þjónustu á göngudeild SÁÁ, annast fræðslu og kynningarstarf fyrir stofnanir Reykjavíkurborgar og hópa fagfólks og koma að forvarnastarfi. Markmið samningsins er að efla

þjónustu við áfengis- og vímuefnasjúklinga og aðstandendur þeirra á göngudeild, auka samvinnu aðila sem vinna að málefnum vímuefnasjúkra, auka samstarf aðila sem vinna að forvörnum á þessu sviði og efla samstarf og tengsl meðferðaraðila og félagsþjónustu.

■ Þverfagleg starfsendurhæfing HVERT

Velferðarsvið Reykjavíkurborgar, heilsugæsla höfuðborgar-svæðisins og heilsugæslan í Salahverfi, Tryggingastofnun ríkisins og Vinnumálastofnun gerðu með sér samning um tilrauna- og rannsóknaverkefnið HVERT sem felur í sér að þróuð verði þverfagleg starfsendurhæfing í samvinnu þeirra stofnana sem tengjast meðferð, framfærslu og vinnuleit.

■ Uppbygging búsetu og þjónustu fyrir geðfatlað fólk

Velferðarsvið gerði á árinu 2007 samning við félagsmálaráðuneytið um að hefja undirbúning flutnings stuðningsþjónustu við geðfatlaða frá ríki til borgar. Samningurinn er í raun framsýnt verkefni er varðar stóráttak í uppbyggingu búsetu og þjónustu fyrir geðfatlað fólk. Vinna við verkefnið verður undir stjórn framkvæmdahóps með aðild Velferðarsviðs Reykjavíkur, Svæðisskrifstofu málefna fatlaðra í Reykjavík, geðsviðs LSH auk fulltrúa félagsmálaráðuneytisins. Með framkvæmdahópnum starfar ráðgjafahópur sem í eru m.a. fulltrúar notenda og aðstandenda.

Stefnumótun og stjórnkerfisbreytingar

■ Skipulagsbreytingar

Á árinu 2007 voru sex þjónustumiðstöðvar í hverfum borgarinnar sem höfðu heyrt undir þjónustu- og rekstrarsvið frá árinu 2005 fluttar undir Velferðarsvið Reykjavíkurborgar. Ákvörðun um flutning þeirra var tekin í borgarráði í kjölfar undangenginnar stjórnkerfisúttektar. Mat á mögulegum leiðum til að haga stjórnskipan velferðarmála, sem kynnt var í október 2006. Í framhaldi af stjórnkerfisbreytingunni var ráðist í endurskoðun á skipulagi Velferðarsviðs Reykjavíkurborgar. Gerðar voru tillögur að almennum skipulagi sviðsins, vistun verkefna og verkferla í tengslum við hið breytta fyrirkomulag í því augnamiði að einfalda stjórnskipulagið. Tekin var ákvörðun um að markmið þjónustumiðstöðva héldust óbreytt þrátt fyrir breytingu á yfirstjórn þeirra.

Chief Innovations

The Elderly

In the Department of Welfare's annual plan for 2007 particular emphasis was placed on matters regarding the elderly and their welfare. The goal is to enable more senior citizens to stay longer in their own homes, and to increasingly bring the service they require into the home. Focus was on security and scanning, for instance with organised visits to elderly people aged 80 and older.

■ Support hotline

A six-month experimental project was undertaken in collaboration with the security firm Öryggismiðstöð Íslands to operate an support hotline as a resource of social support for senior citizens who need added support to live in their own homes. The support hotline is operated outside of normal working hours, during the evenings, weekends, and at night.

■ Prevention among the elderly

The Department of Welfare reached an agreement with Sjóvá Forvarnahús to collaborate in trying to cut down on accidents among the elderly, especially in the home and in traffic, and thus increase independence and quality of life. The agreement suggests, among other things, that all residents in Laugardalur and Háaleiti districts aged 70-75, will be offered advice on accident prevention at home and in traffic. Furthermore, employees of Sjóvá Forvarnahús will take stock of city buildings that house activities for elderly citizens, with regard to accidents.

■ Social service groups for the elderly

In February 2007 social service groups of the elderly turned in a report with proposals for continuing work. Community service centres in the city's districts manage operations of these groups, but in addition to representatives from the centres there are representatives from the Reykjavik Branch of the Red Cross, the Association of the elderly, the Primary Health Care Clinics, and the church of each district. The groups' main assignment was to map out services available in the districts and to evaluate how public entities, residents,

and non-governmental organisations can work together to tighten the security net. With the work of social service groups, different professions working towards the same goal have joined hands in improving services to the elderly in order to break a vicious circle of social isolation and loneliness. Recommendations were made to continue the work of the social service groups.

■ Green domestic service

The Reykjavik Municipal School and the Department of Welfare agreed to collaborate on a one-year development project. The objective with green domestic service is to offer help to senior and disabled citizens, who because of limited physical abilities, age, prolonged illness, or other disability cannot tend their gardens. This service is meant to enable the individual to live longer in his/her own home.

■ Integration of domestic services and home nursing

The integration of domestic services and home nursing officially commenced in 2004 and the goal was to improve and increase service to people living in their own home and who require help. This integration project officially ended this year and preparations started for a single administration for social domestic services and home nursing.

■ Job centre for senior citizens

Preparations were started for the founding of a job centre for senior citizens, as they tend to have great experience, wisdom, and knowledge that could be better used to the city's advantage. The project was set off in the beginning of October 2007. The City Council warranted the hiring of people aged 70 and older to work for the city. The job centre will offer part-time jobs, temporary jobs, and assignments suited senior citizens.

■ Day rehabilitation for people suffering from dementia

This year a decision was made that Reykjavik City would purchase a house for day rehabilitation of people suffering from dementia. FAAS (the Icelandic Alzheimer's Society) will manage the home and its operations. Preparations were made for the home during the course of the year.



■ Housing for the elderly

This year about 210 security and service apartments were designed and planned. Firstly a contract was made with Eir on the implementation and management of the building of security apartments and a service and culture centre in Spöngin in Grafarvogur; secondly a contract was signed with Sjómannadagsráð / Hrafnista for building service apartments and a service centre at Sléttuvegur in Fossvogur.

■ Preventative visits to citizens in Reykjavik aged 80 and over

Towards the end of 2006 an experimental project was launched where preventative visits were made to residents aged 80 and over in one of the city's districts. The project was a success and a decision was made to expand it in 2007, and visit residents in more districts. The visits are made by social workers to citizens aged 80 and over who do not receive domestic service or home nursing. These visits are meant as preventative measures for senior citizens. Emphasis is on giving advice and information on available services, and to establish a connection between senior citizens and experts in care for the elderly where needed. The objective with these visits is to increase a sense of security among citizens and to see to it that they get proper service to maintain their health and independence.

Alterations to Tariffs

■ Lowering of costs because of home-delivered meals

Home-delivered meals and lunch from cafeterias decreased by 4.67% in 2007, and other food and drink prices dropped by an average of 7%.

The Disabled

■ Improved transport possibilities for disabled college students

An agreement was reached to make changes to transport services for the disabled. From the 1st of May 2007, disabled, wheel-chair bound individuals, who cannot by any means use normal taxi services and who already use Transport Services for the Disabled, can reserve transport on a same-day basis. The decision was made to offer, as an experiment, disabled college and university students to use the Transport Service for the Disabled in Reykjavik free of charge during the winter of 2007-2008.



Prevention Policy

The Department of Welfare works in accordance with the prevention policy of Reykjavik City from 2005. This prevention policy ensures that systematic prevention measures are implemented in the city. Emphasis is placed on the work being based on research, that prevention should start in early childhood, be integral and extensive.

■ The Reykjavik Prevention Fund

Grants are paid from the fund to collaboration projects twice a year. The objective of the fund is to strengthen social capital and to encourage initiative and innovation in the field of prevention. In 2007, 8 million ISK were granted to various prevention projects managed in collaboration with individuals and organisations. Tying prevention efforts to research results has made the work more systematic and successful. Reykjavik City has for many years procured research results on drug use, wellbeing and social environment of children in 8th – 10th grades in elementary school.

As in past years, magnets with children's curfew printed on them were sent to parents of children in the 2nd - 6th grade of elementary schools in the city.

Reykjavik City took an active part in the Forvarnadagur - Taktu þátt 2007 (Prevention Day - Participate 2007), which has been held the past 2 years in collaboration with various parties.

■ Numerous projects were initiated with emphasis on education and support for parents in the city

Reykjavik City has representatives in various collaboration groups, such as the "Saman" group – which is meant to support parents in their pedagogical role, and the "Náum áttum" group, which is an open collaboration group on educational and drug issues that holds monthly breakfast meetings during winter.

■ Survey performed on the circumstances and wellbeing of children in 5th, 6th, and 7th grades of elementary schools in Reykjavik

The Department of Welfare financed a survey by The Icelandic Centre for Social Research and Analysis on the conditions and wellbeing of elementary school students in the 5th, 6th,

